

Íslandi, fær úr ríkissjóðnum, og sem eru 388 rd. 38 sk. ríkismyntar á ári, skulu hækkuð um 150 rd. ríkismyntar frá 1. degi aprilmánaðar 1864. 1864.
12. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 12. dag marzmán. 1864.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir nordur- og austurumdæminu, um laun handa lögregluþjóni á Akureyri. 21. marz.

Útaf því, er þér, herra amtmaður, í bréfi 6. októberm. f. á. stingið upp á, að útvegað verði úr ríkissjóðnum fè, 150 rd. á ári, til þess að launa með því lögregluþjóni í kaupstaðnum Akureyri, þá skal yður til vitundar gefið, eptir að búið er að skrifazt á um málið við fjárstjórnina, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að útvega úr ríkissjóðnum nokkurt fjártillag í þeim tilgangi, sem hér er um rætt.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um breyting á verzlunarvöginni. 21. marz.

Í lögum 19. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunarvöginni í konungsríkinu Danmörku, var fyrirskipuð tugaskipting á vogarlóðunum, og skyldi pundið vera eining, en í 4. grein laganna var leyft, að til bráðabirgða mætti löggilda lóð, sem væru að þyngd $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi. En nú er leyfi þetta numið úr gildi með konungsúrskurði 3. júnímán. f. á.²

¹) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi skrifuð bréf sama efnis.

²) Lögín frá 19. febrúar 1861 eru prentuð í alþingistíðindunum fyrir 1863, I. 151 bls., og skulu hér til frekari skýringar þessu máli settar 4 fyrstu greinir laganna: 1. grein. Frumeining hinnar almennu verzlunarvogar er eitt pund, sem er eins og hingaðtil 500 frönsk grömm. 2. grein. 100 pund gjöra eitt centner. 3. grein. Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort, minni